ESA – úrvinnsla og frágangur

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd



1. Verkefnisstjóri vistar drög að skýrslu úttektaraðila í málinu og í möppu heimsóknar á S-drifi. Hann sendir tölvupóst til hlutaðeigandi aðila úr málinu og áframsendir drög að skýrslu til annarra eftirlitsstofnana eftir því sem við á og minnir þátttakendur á að svara könnun ESA sem fylgir.

2. Verkefnisstjóri veitir tímafrest til að fara yfir skýrsludrög og koma með athugasemdir. Hann boðar fund til að skipta verkum við gerð úrbóta fyrir tilsettan tíma.

3. Verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir að safna saman upplýsingum sem eiga að fara í úrbótaáætlun og athugasemdir við skýrsludrögin, vistar í málinu og sendir til úttektaraðila innan tilgreindra tímamarka í gegnum Matvælaráðuneytið (postur@mar.is).

4. Þegar lokaskýrsla berst framsendir verkefnisstjóri afrit til þeirra sem komu að úttektinni..

5. Reglulega berast eftirfylgnibréf (follow up) frá ESA þar sem óskað er eftir upplýsingum um stöðu úrbóta skv. úrbótaáætlun og stýrir verkefnisstjóri vinnu við að uppfæra þær og skila til ESA innan tímamarka. Verkefnastjóri stofnar „task“ fyrir starfsmenn MAST með tímafresti og áminningu í Outlook.

Þá er reglulega farið í uppfærslu á landsskýrslu (Country Profile Part 1 og Country Profile Part 2) og skjölin endurútgefin af ESA í lok slíkrar vinnu eða oftar ef óskar er eftir í tengslum við úrbætur.